



**TM**  
**MÓTIÐ**  
Í EYJUM

# **TM Mótíð í Eyjum**

10.-13. júní 2020

**Aðgerðaráætlun  
v/covid 19**

# TM Mótið í Eyjum

TM Mótið í Eyjum hefur verið haldið frá árinu 1990 og verður engin undantekning á því í ár. Mótið verður haldið 10.-13. júní eins og áætlað var en með þeim fyrirvara að ekki komi upp bakslag í aðgerðir almannavarna. Framkvæmd og skipulag mótsins er unnin í nánú samráði við aðgerðastjórn almannavarna og farið eftir því í einu og öllu sem þau leggja til. Von er á rúmlega 1000 iðkendum og er mótinu skipt upp í 4 styrkleikaflokka. Hvert lið spilar 3 leiki fimmtudag og föstudag, 4 leiki á laugardegi. Við spilum leikina á 16 völlum á 4 stórum grasvöllum ásamt hálfri knattspyrnuhöll. Íþróttasvæðið er stórt og því mun fólk dreifast umtalsvert bara af þeirri ástæðu.

## Knattspyrnan

Áhorfendasvæði við knattspyrnuvöllina verða hólfuð niður, skipulagið á hólfunum fer eftir því hver fjöldatakmörkunin verður á þeim tíma sem mótin fara fram. Hólfín verða merkt sérstaklega og vöktuð ef þess er þörf. Sér aðkoma verður að hverju hólfí fyrir sig til að koma í veg fyrir að hólfín skarist.

## Gisting

Gisting á mótunum fer aðallega fram í skólum Sveitarfélagsins, ásamt nokkrum öðrum minni gististöðum. Fjölgað verður á vöktum og mikið lagt upp úr því að þrifa snertifleti og passa uppá að fjöldatakmarkanir séu virtar. Takmarkaður aðgangur foreldra í gistingu, aðeins þeir sem gista með iðkendum geta farið inn á gististaði.

## Matur

Morgunmatur, hádegismatur og kvöldmatur hefur verið í boði á mótunum, í stórum samkomusal. Vegna þátttökufjölda fá félögin úthlutað tímasetningum í mat og eru þau beðin um að virða hann. Takmarkaður aðgangur foreldra í matsal, aðeins liðsstjórar fylgja keppendum í mat.

## Hæfileikakeppni - kvöldvaka - lokahóf

Ef ekki er hægt að virða fjöldatakmörkun fullorðinna inni í íþróttahúsi þá er möguleiki á því að færa þessa viðburði út á stærra svæði. Til greina kemur að afhenda verðlaun strax eftir að leikjum líkur og að skipta kvöldvökunni upp í minni einingar. Hægt væri að hafa hæfileikakeppnina í formi myndbanda sem sýnd yrðu á netinu. Þetta verður útfært með tilliti til þeirra takmarkana sem verða í gildi þegar mótið fer fram.

## Grill

Grillveisla sem verið hefur í lok móts gæti farið fram á fleiri svæðum þar sem liðin færu á fyrirfram ákveðinn stað þar sem hægt væri að virða fjöldatakmarkanir fullorðinna.

# Sund

Farið verður eftir þeim takmörkunum sem verða í gildi. Þrif og sótthreinsun aukin í búningssklefum.

## Afþreying

Við höfum boðið mótsgestum í bátsferð og munum gera það líka í ár. Til greina kemur að skipuleggja frekari afþreyingu víðsvegar um Eyjuna til að dreifa álagi.

## Herjólfur

Fjöldatakmörkanir ná ekki til alþjóðaflugvalla eða alþjóðahafna, flugvéla eða skipa. Hvatt er til öflugra sóttvarnaráðstafana og að rekstraraðilar grípi til ýtrustu ráðstafana til að minnka möguleika á smiti.

Heimasíða Herjólfur <https://herjolfur.is/>

## Tjaldsvæði

Rekstraraðilar tjaldsvæðisins eru að skoða hvort hægt sé að bæta við tjaldsvæði til að geta tekið á móti þeim sem vilja koma og jafnframt fara eftir þeim fjöldatakmörkunum sem verða í gildi á meðan mótinu stendur. Þau munu vinna að skipulagningu tjaldsvæðisins í samráði við aðgerðastjórn almannavarna og fara eftir þeim reglum sem verða í gildi á þeim tíma sem mótið fer fram. Heimasíða tjaldsvæðisins <https://glampingandcamping.is/>

## Sóttvarnir

Fjölgað verður á vöktum í gistingu, mat, veitingasölu og afþreyingu með meiri áherslu á þrif og sótthreinsun á snertiflötum. Allur búnaður verður þrifinn reglulega. Sprittstöðvum verður komið upp og gott aðgengi fyrir handþvott.

## Eindagi einstaklingsgjalda og fjöldatölur

Við höfðum áður seinkað eindaga einstaklingsgjalda til 18. maí. Við ætlum núna að seinka honum til 25. maí með því skilyrði að félög verði búin að senda okkur eigi síðar en 18. maí fjölda þeirra sem koma á mótið. Það fer þannig fram að þið sendið email á [sigfus@ibv.is](mailto:sigfus@ibv.is) hafið subject TM-mót (nafn félags) og sundurliðið fjölda stelpna sem koma og fjölda fullorðinna sem fylgja. Í ljósi aðstæðna þá getum við ekki tekið á móti fleiri en tveimur fullorðnum í gistingu og eða mat á okkar vegum á hvert lið. Sjá upplýsingar um greiðslur hér <https://tmmotid.is/page/greidslur>

# Mótssvæði

